

dómsins og einnig skulu upptæk til ríkissjóð 0,8 grömm af amfetamíni og 126,5 grömm af hassi, hvort tveggja merkt efnaskrá nr. 958 í vörslum dómsins.

Ákærða er gert með vísan til 141. gr. laga nr. 74, 1974 að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin kr. 10.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hrl.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bóas Dagbjartur Bergsteinsson, fæddur 23. mars 1959, skal sæta fangelsi í 13 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 2 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa.

Ákærði greiði kr. 20.000,00 í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, komi fangelsi í 20 daga í sektar stað.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 126 grömm af amfetamíni merkt efna-skrá nr. 1148 í vörslum dómsins og 126,5 grömm af hassi og 0,8 grömm af amfetamíni, hvort tveggja merkt efnaskrá nr. 958 í vörslum dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 10.000,00 í málsvarnar-laun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Miðvikudaginn 26. febrúar 1986.

Nr. 269/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Sigurði Þórðarsyni**

(Páll A. Pálsson hrl.)

Ávana- og fikniefni. Eignarupptaka.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guð-mundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. nóvember 1985 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Frá kröfu um þyngingu hefur ríkissaksóknari fallið við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 17. f.m.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu til refsíákvæða með þeirri viðbót að reglugerð nr. 16/1986 er nú komin í stað reglugerðar nr. 390/1974. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um frádrátt gæsluvarðhalds frá refsingu, upptöku og sakarkostnað.

Ákærða ber að dæma til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Þórðarson, sæti fangelsi 10 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 17 dagar.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms í ávana- og fikniefnamálum 12. september 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 12. september var á dómþingi sakadóms í ávana- og fikniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni ftr., kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 339/1985: Ákæruvaldið gegn Sigurði Þórðarsyni.

Málið var höfðað á hendur Sigurði Þórðarsyni, fæddum 29. okt. 1948, fyrir eftirfarandi meint fikniefnabrot:

„að hafa 24. maí 1983 flutt hingað til lands frá Kaupmannahöfn rúm 130 g af amfetamínufti, sem ákærði flutti að hluta í klæðum sínum og að hluta falið í líkama sínum. Ákærði var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar og hald lagt á efnið.“

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr.

5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978.

Þess er krafist af ákærvaldinu að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á um 130 g af amfetamíndufti samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

Málið var dómtekið 9. september sl. og flutti verjandi ákærða munnlega vörn í málinu sama dag og gerði þær dómkröfur að ákærði hlyti vægustu refsingu er lög leyfa og að dæmd verði hæfileg málsvarnarlaun.

Ákærði gekkst undir dómsátt vegna fíkniefnabrots 30. apríl 1983. Sakarferill ákærða samkvæmt sakavottorði dags. 1. nóvember 1984 þykir ekki skipta máli hér.

#### *Málsatvik:*

Ákærði var handtekinn við komu hingað til lands frá Kaupmannahöfn 24. maí 1983. Við leit á ákærða fundust rúmlega 130 grömm af amfetamíni sem ákærði hafði að hluta falið í jakkavasa en að verulegum hluta í líkama sínum.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 25. maí 1983 og bar þá að ókunnur aðili hafi hringt til sín á hótél í Kaupmannahöfn og kvaðst ákærði skömmu síðar hafa hitt mann þennan á Ráðhústorginu í Kaupmannahöfn. Ákærði kvað mann þennan hafa afhent sér þrjá pakka er innihéldu amfetamín og kvaðst ákærði hafa tekið að sér flutning efnisins hingað til lands fyrir kr. 10.000,00.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu í maí 1983 og bar þá m.a. á þá leið að Hjörtur Hjartarson og Einar Ólafur Hannesson hafi átt fíkniefni þau er ákærði flutti hingað til lands. Hjörtur og Einar Ólafur hafa borið af sér öll fíkniefnasamskipti við ákærða m.a. í samprófunum með ákærða.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 27. ágúst 1985 og kvaðst ákærði engar athugasemdir hafa fram að færa varðandi efni ákæruskjals og kvaðst ákærði þannig hafa flutt hingað til lands rúmlega 130 grömm af amfetamíni svo sem ákært er út af.

Ákærði vísaði að öðru leyti til sinna fyrri framburða varðandi eigendur fíkniefnanna sem ákærði kvað vera þá Einar Ólaf Hannesson og Hjört Hjartarson.

#### *Niðurstöður.*

Í máli þessu er ákært fyrir að hafa flutt um 130 grömm af amfetamíni hingað til lands. Eins og ákæra er úr garði gerð þykir ekki skipta máli hér hver hafi verið raunverulegur eigandi ofangreindra fíkniefna.

Með framburði ákærða, sem rækilega er studdur af gögnum málsins, þykir dómnum sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá er ákært er út af.

Ákærði flutti 130,8 grömm af amfetamíni hingað til lands hinn 24. maí 1983. Ákærði flutti efnið að hluta í klæðum sínum og að hluta falið í líkama sínum. Ákærði var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar og hald lagt á efnið.

Ákærði hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. nú lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978.

Ákærða verður í máli þessu gerð refsing eftir lögum nr. 13, 1985, þó þannig að ekki verður beitt þyngri refsingu en heimilt var fyrir gildistöku laganna sbr. meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sem fangelsi í 13 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga komi 17 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 130,8 grömm af amfetamíni merkt efnaskrá nr. 978 og 985 nú í vörslum dómsins. Vegna upptökunnar vísast til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin kr. 12.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Þórðarson, fæddur 29. október 1948, skal sæta fangelsi í 13 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 17 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 130,8 grömm af amfetamíni merkt efnaskrár nr. 978 og 985 nú í vörslum dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns kr. 12.000,00.